




Vandinn leystur í VÖLUNÐARHRINGNUM



Völdunarhringurinn er árangursrík leið til að vinna með samskipti nemenda. Völdunarhringurinn er til dæmis málaður á skólalóðina, bekkjarteppi, skólafána, eða prentaður á A2 spjald og nemendum kennt að leysa sjálf úr ágreiningi eða vandamáli í frímínútum með því að nota völdunarhringinn. Þegar nemendur vilja leysa ágreining eða vanda fara þeir eftirfarandi leið:

1. Nemendur hefja leiðina við **ÖRVARNAR** á hringnum.
2. Nemendur fara að fyrstu fullyrðingunni **HVER ER VANDINN?** Þar sem þeir segja frá því hver vandinn er.
3. Þegar nemendur hafa lýst vandanum þá fara þeir að annari fullyrðingu **HVERNIG LÍÐUR ÞÉR NÚNA?** Þar segja þeir hvor öðrum frá hvernig þeim líður.
4. Nemendur fara næst að þriðju fullyrðingu **HVERNIG LÍÐUR HINUM NÚNA?** Þar eiga þeir að segja hvernig hinum líði en ef þeir geta ekki endurtekið hvernig hinum líði þá verða þeir að fara til baka og hlusta aftur hvor á annan.
5. Þegar nemendur vita og geta sagt frá hvernig hinum líði þá fara þeir að fjórðu fullyrðingu **HVERNIG GETUR ÞÚ LEYST VANDANN** þar segja nemendur hvor öðrum frá öllum þeim lausnum sem þeim kemur í hug til að leysa vandann.
6. Að því loknu fara nemendur að fimmtu fullyrðingunni **VELJIÐ BESTU LAUSNINA FYRIR ALLA**. Þar velja þeir saman bestu lausnina.
7. Þegar nemendur hafa fundið lausn fara þeir í miðju hringins og sættast t.d. með því að takast í hendur, knúsast eða gefa fimmu.

Mikilvægt er að kenna nemendum að leysa ágreining eða vandamál strax en taka þau ekki með sér inn í skólastofuna.